

Kennari:
Aðalheiður Ósk Tobíasdóttir
Sandra Sif Rúnarsdóttir

Kennslufyrirkomulag:
Verkleg og bókleg kennsla inn í bekk

Tímafjöldi:
6 kennslustundir

Bekkur:
3. og 4. bekkur

Lestur – sköpun og gleði

Í þessari smiðju er unnið markvisst að því að efla lestur, lestrarfærni og lesskilning. Unninn eru ýmis verkefni sem efla lestrargetu nemenda og fer kennslan fram með hlustunarlestri, kórlestri, samlestri og sjálfstæðum lestri. Unnið er í litlum hópum en einnig sjálfstætt. Farið verður í leiki og munu nemendur lesa texta og skapa út frá honum.

Markmið þessarar smiðju felst í því að efla lestur hjá nemendum en gera það í gegnum sköpun, með leikjum og gleði að leiðarljósi.

Lestur – sköpun og gleði

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
<ul style="list-style-type: none">- Lestur- Lesskilningur- Hlustunarskilningur- Sköpun	<ul style="list-style-type: none">SpilEfni af vefVerkefni af vefPuppet pals	<ul style="list-style-type: none">- leyst einföld verkefni- hlustað að athygli- farið eftir fyrirmælum- tekið jákvæðan þátt í leik og starfi- Geti meðhöndlað tæki af virðingu- Sýnt kurteisi og virðingu í samskiptum	<ul style="list-style-type: none">HópavinnaEinstaklingsvinnaSýnikennslaLeiðsögn
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin í lok hvers smiðjuhóps.		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága